

ÁLAGNING GJALDA 2024

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 12. desember 2023, voru samþykktar eftirfarandi forsendur til grundvallar álagningu útsvars-, fasteigna- og þjónustugjalda á árinu 2024:

- Útsvarsprósenta árið 2024 er 14,97%.
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2024:
 - i. 0,2467% af álagningarstofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - ii. 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt á milli árunna 2022 og 2023).
 - iii. 1,4678% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- Gjald íbúðareigenda vegna meðhöndlunar úrgangs verður 42.814 fyrir hverja íbúð. Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum¹ er 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða (óbreytt á milli ára) og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða (óbreytt á milli ára) og eru innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar, tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2024 eru 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september, 15. október en eindagi gjaldanna er 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2024.

- Veitt er ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2024, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

¹ Bæjarstjórn Akraness samþykkti 16. desember 2003 að frá og með 1. janúar 2004 byggist innheimta nýrra og endurnýjaðra lóðarleigusamninga á fasteignamati lóðar en eldri samningar taki breytingum samkvæmt byggingarvísitölu ár hvert.



- Lóðarleiga fyrir árið 2024 við álagningu fasteignagjalda vegna lóðarleigusamninga þar sem leigugjald er miðað við fermetra (m²) er eftirfarandi²:
 - i. Íbúðarhúsnæði 14,65 kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2024 – kemur í janúar nk.) á hvern m² lóðar.
 - ii. Atvinnuhúsnæði 52,66 kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2024 – kemur í janúar nk.) á hvern m² lóðar.
 - iii. Hafnarsvæði 209,38 kr. (vinnutala, vantar endanlega tölu fyrir árið 2024 – kemur í janúar nk.) á hvern m² lóðar.
- Gjaldskrár Akraneskaupstaðar hækka almennt um 7,0% þann 1. janúar 2024 nema annað sé sérstaklega samþykkt í viðkomandi gjaldskrá.

Vatns- og fráveitugjöld eru ákveðin og innheimt af Orkuveitu Reykjavíkur en ekki Akraneskaupstað. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag þeirrar innheimtu er að finna á vef Orkuveitunnar, www.or.is.

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á www.island.is, en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Akraneskaupstaðar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Akranesi, 12. desember 2023.

F.h. Akraneskaupstaðar

Haraldur Benediktsson,
bæjarstjóri

² Sjá athugasemd númer 1.